

2021

# ÁRSSKÝRSLA MENNTASKÓLANS VIÐ SUND



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND

Menntaskólinn við Sund  
Gnoðarvogi 43  
104 Reykjavík





## UM SKÓLANN



Menntaskólinn við Sund var stofnaður haustið 1969. Skólinn var upprunalega til húsa í gamla Miðbæjarskólanum við Tjörnina og hét MT eða Menntaskólinn við Tjörnina.

Skólinn er bóknámsskóli og býður upp á 206 eininga nám til stúdentsprófs og er skólaárinu er skipt í þrjár jafnlangar 12 vikna annir.

Boðið er upp á nám á tveimur námsbrautum sem skiptast í fjórar námslínur: félagsfræðabraut sem skiptist í félagsfræði- og sögulínu og hagfræði- og stærðfræðilínu og náttúrufræðibraut sem skiptist í líffræði- og efnafræðilínu og eðlisfræði- og stærðfræðilínu. Auk þessa geta nemendur valið sér sérstaka sérhæfingu til viðbótar m.a. í listgreinum, viðskiptagreinum, félagsgreinum, tungumálum eða raungreinum.



Í þessari skýrslu er farið yfir það helsta sem viðkemur starfsemi og rekstri Menntaskólans við Sund árið 2021. Árið hófst af krafti með skólaopnun eftir þriggja mánaða fjarkennslutíma í október til desember 2020 vegna Covid 19.

Í janúar var skólinn fyrstur framhaldsskóla að hljóta vottun frá Umhverfisstofnun fyrir að ljúka fimm grænum skrefum í ríkisrekstri.

Rektor skólans frá árinu 2001, Már Vilhjálmsson, lét af störfum þann 15. mars en síðasta mánuðinn var hann settur rektor þar til nýr rektor, Helga Sigríður Þórsdóttir, áður konrektor skólans tók við starfinu þann 16. mars. Lilja Guðný Jóhannesdóttir var ráðin konrektor skólans frá 1. ágúst 2021. Sökum seinnar ráðningar var enginn konrektor að störfum frá 16. mars en Sigurrós Erlingsdóttir íslenskukennari og fyrrverandi kennslustjóri skólans sinnti verkefnum konrektors í 50 % starfshlutfalli út maí.

Ýmislegt var gert til þess að hvetja nemendur áfram bæði í námi og leik. Í mars réð skólinn til sín tólmstundafræðing í hlutastarf, nemendur héldu söngvakeppni í maí og viðburðarík umhverfisvika skipulögð af kennurum í umhverfisfræði með styrk frá Sprotasjóði var haldin í lok apríl. Skólinn bauð upp á einstaka áfanga í Sumarskóla fyrir nemendur skólans.

Kennarar og annað starfsfólk tók þátt í WES (World education Summit). Wes er alþjóðleg ráðstefna með fyrirlesurum allsstaðar að úr heiminum sem er haldin í netheimum. Þrátt fyrir afar sérstakar aðstæður héldu kennarar skólans áfram að stunda starfendransóknir og sögðu frá mörgum áhugaverðum tilraunum eins og heimilistilraunum í eðlisfræði, notkun fjölbreyttra tæknimiðla í kennslu, hópavinnu í Teams, rafrænum vinnubókum og rafrænum prófum.

Fyrstu námsferðir erlendis fyrir styrki frá Erasmus+ eftir samkomutakmarkanir voru farnar á haustmánuðum. Allt skólastarf fór fram annað hvort háð fjölda- eða fjarlægðartakmörkunum og grímuskylda var við lýði mestan hluta ársins. Íþróttir voru kenndar utandyra allt árið.

Eitt af skylduverkefnum stofnunarinnar að búa til jafnlaunakerfi, hófst af krafti haustið 2021. Auk þess sem skerpt var á netöryggismálum, upplýsingaöryggi og persónuvernd. Um haustið hófst vinna við að ljúka verkefninu "Nám í MS" sem hófst haustið 2018 en í því fólst að endurrita allar áfangalýsingar. Samtímis var þróað staðlað form fyrir kennsluáætlanir í samvinnu við fagstjóra og kennara.

Skólinn fór ekki varhluta af byggingamálum á árinu. Lóð og bílastæði fengu upplýftingu, endurnýja þurfti þök á nýbyggingum vegna galla og gera við rakaskemmd svæði innan húss.

# HLUTVERK OG MARKMIÐ

04

Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og menningarmálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, með því að efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í námsvali og námshraða. Fjölbreytni í náms- og kennsluháttum eru lykilatriði í starfsemi skólans og í starfinu er haft að leiðarljósi að örva virkni og þátttöku nemenda.

Í námskrá MS er lögð áhersla á skapandi nám þar sem einstaklingar fá að njóta sín í verkefnabundnu og samvinnutengdu námi. Nemendur fá tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni í að vinna með hana og hæfni til að nýta með ólíkum hætti. Unnið er út frá kenningu um að byggja upp námskraft nemenda (Building Learning Power).

Stefna skólans kallar á námsvenjur þar sem ábyrgð nemenda á eigin námi, mæting, virkni og þátttaka gegna lykilhlutverki. Mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt, ástundi heiðarleg vinnubrögð og þjálfu með sér þrautseigju þar sem mistök eru eðlilegur hluti af námsferlinu. Skólinn hvetur kennara til nýbreytni- og þróunarstarfs þar sem horft er bæði til innihalds náms og námsumhverfis. Í öllum áfangalýsingum í MS koma fram þekkingar, leikni og hæfnimarkmið sem unnið er út frá en í námsáætlun hvers áfanga kemur fram nánari útfærsla á náms- og kennsluháttum.

VIRÐING - JAFNRÉTTI - ÁBYRGÐ  
HEIÐARLEIKI





# STEFNUMIÐUÐ ÁÆTLUN

05

Frá haustinu 2016 hefur stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára verið skilað árlega til MRN, til að koma til móts við 31.-32. gr. laga um opinber fjármál. Liður í stefnumiðaðri áætlun er að setja markmið fyrir kjarnastarfsemi og rekstrarþætti og árangursmælikvarða sem gefa vísbendingar um hvort markmið hafi náðst. Hér á eftir má sjá markmið MS fyrir árin 2021 - 2023 og hvernig skólinn vinnur markvisst að því að ná markmiðum sínum.

## KJARNASTARFSEMI - MARKMIÐ

- Að auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna
- Halda brotthvarfi lágu
- Byggja upp seiglu nemenda

Til þess að auka umhverfisvitund var umhverfisviku komið í framkvæmd vorið 2021 og áfanginn "Ungir umhverfisfréttamenn" hóf göngu sína um haustið.

Umhverfisnefnd sem í sátu bæði nemendur og starfsfólk var virk á árinu og tók meðal annars þátt í innleiðingu Grænna skrefa í ríkisrekstri. Kennarar voru hvattir til þess að taka fyrir málefni er snerta umhverfisvernd í umhverfisvikunni og sýndi starfsmannakönnun að vori fram á ánægju með fyrirkomulagið.


Brotthvarfsskýrsla er unnin í október og nóvember ár hvert og sýnir hún að brotthvarf nýnema úr skólanum er ekkert. Meðal eldri nemenda er brotthvarf um 2%. Skólinn hefur því náð markmiði sínu þrátt fyrir samkomutakmarkanir. Nemendum í brotthvarfshættu er fylgt eftir af mætingarstjóra, námsráðgjöfum og kennslustjóra.

Til stóð að ráða sálfræðing við skólann en ekki tókst að ráða í starfið.

Útskriftarhlutfall úr skólanum er stöðugt. Um 73% nemenda útskrifast eftir þriggja ára nám og yfir 80% nemenda sem hefja nám við skólann ljúka því með stúdentsprófi frá skólanum.



Markmið skólans að byggja upp seiglu nemenda á tímum farsóttar gekk að óskum. 92-93% einkunna í einstaka áföngum uppfyllti lágmarks kröfur. Þrátt fyrir það er þó alltaf ákveðið hlutfall nemenda sem fer í námsframvinduúrræði þar sem dregið er úr námshraða og námið betur sniðið að þörfum nemenda.



## REKSTRARPÆTTIR - MARKMIÐ

- Ná jafnvægi í rekstri á ársgrundvelli
- Draga úr kolefnisspori
- Ljúka uppgjöri vegna nýbyggingar í MS

Til þess að ná settum markmiðum var dregið úr kennslumagni á haustönn og aðeins ráðið í 50% starf konrektors að vori. Skemmst er frá því að segja að ekki náðist jafnvægi í rekstri skólans á árinu 2021 og ljóst að fara þarf fram kerfisbreyting til þess að reka skólann innan fjárheimilda.

Notkun á heitu vatni og rafmagni jókst á milli ára auk þess sem sorp frá skólanum var meira. Ekki er þó um óeðlilega hækkun að ræða miðað við samkomutakmarkanir fyrra árs. Grænt bókhald er fært auk þess sem skólinn lauk við að uppfylla 5. græna skrefið í ríkisrekstri.

Markmið er snýr að uppgjöri vegna nýbyggingar á ekki við enda í annarra höndum að uppfylla en skólans.



# NEMENDUR

07

Kenndar einingar per nemanda við skólann eru að jafnaði frá 66-69,3 einingar á ári. Hver nemandi í MS skilar að jafnaði 63-66 einingum á ári sem þýðir að kennslukostnaður nemanda er hár. Ársnemendur í skólanum þegar um 715 nemendur stunda þar nám eru um 770-807 eftir árum. Meðalaldur nemenda var 17,38 ár þann 1. mars 2021




## VORÖNN 2021

Nemendur: 686

KVK: 356

KK: 330



	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. ár	57	84	43	63	247
2. ár	39	91	33	61	224
3. ár	40	70	29	64	203
4. ár	4	4	2	2	12
Alls	140	249	107	190	686





# NEMENDUR


08

## HAUSTÖNN 2021

Nemendur: 714

KVK: 372

KK: 332




	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. ár	126	0	105	0	231
2. ár	58	80	37	62	237
3. ár	36	86	30	60	212
4. ár	16	8	1	6	31
5. ár	2	1			3
Alls	238	175	173	128	714

## VETRARÖNN 2021

Nemendur: 682

KVK: 358

KK: 324



	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. ár	58	69	39	59	225
2. ár	57	78	37	58	230
3. ár	34	85	31	59	209
4. ár	7	5	0	5	17
5. ár	1				1
Alls	157	237	107	181	682



# STARFSFÓLK

10

## KENNSLUSVIÐ:


Haustið 2021 störfuðu 53 einstaklingar á kennslusviði í 49,2 stöðugildum. 15 karlar og 38 konur. Fimm kennarar með PhD eða sambærilegt, 38 kennarar eru með MA/MS/MEd og sumir þeirra eru með tvöfaldan master. Tíu kennarar með BA/BS – próf og þar af eru nokkrir með diploma að auki eða tvöfalt BA próf. Allir kennarar við MS eru með kennsluréttindi. Þeir sem eru 60 ára eða eldri sinna 29 % af kennslumagninu. Þeir sem eru 55-59 ára sinna 17 % af kennslumagninu. Þeir sem eru 54 ára eða yngri sinna 54 % af kennslumagninu. Þetta er sama hlutfall og síðastliðin tvö ár.

## ÞJÓNUSTUSVIÐ:

Náms- og starfsráðgjöf 2 stg., Bókasafn 1,2 stg., skrifstofustjóri, þjónustufulltrúi á skrifstofu, fjármálastjóri og umsjónarmaður fasteigna eitt stöðugildi hver.

Tölvuumsjón sem tveir skipta með sér, þjónustuliði 0,5 stöðugildi og félagsmálastjóri 0,4 stg.

Stjórnendur: Rektor 49 ára kvk, konrektor 49 ára kvk, kennlustjóri 46 ára kvk og námsbrauta og námskrárstjóri 42 ára kvk. Alls 13,1 stöðugildi.



# FJÁRMÁL OG REKSTUR

11

Um áramótin 2020 og 2021 fékk skólinn auka fjárveitingu til þess að greiða upp uppsafnaðan halla í rekstri skólans sem átti rætur að rekja til tíma nýbyggingar í MS 2013-2016 og skipulagsbreytinga í kjölfarið. Þrátt fyrir þetta var rekstur skólans áfram í járnum og ljóst að gera þarf róttækar breytingar til þess hægt verði að reka skólann innan fjárveitinga. Árið 2021 var skólinn rekinn með rúmlega 20 milljóna halla.

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	1.084.017.710	1.120.900.745
Aðrar tekjur .....		5.922.000	8.154.000
Seld þjónusta .....	3	971.138	758.500
Vörusala .....	4	11.610.560	14.608.539
Framlög og ýmsar tekjur .....	5	23.736.955	17.837.878
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	7.431.311	4.985.981
<b>Tekjur samtals</b>		<b>1.133.689.674</b>	<b>1.167.245.643</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	863.969.482	793.309.246
Annar rekstrarkostnaður .....	7	282.606.587	267.765.008
Afskriftir .....	8	7.431.311	4.985.981
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.154.007.380</b>	<b>1.066.060.235</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(20.317.706)</b>	<b>101.185.408</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....	9	(511.625)	1.159.678
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....	10	(22.527)	(37.709)
		<b>(534.152)</b>	<b>1.121.969</b>
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(20.851.858)</b>	<b>102.307.377</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.





Már Vilhjálmsson fráfarandi rektor tekur við viðurkenningu fyrir 5 græn skref í ríkisrekstri



# UMHVERFISMÁL

Í Menntaskólanum við Sund er lögð rík áhersla á umhverfismál. Á vetrarönn 2020-2021 lauk skólinn við að uppfylla 5. Græna skrefið í ríkisrekstri og hlaut viðurkenningu fyrir það. Hér má sjá aðgerðaráætlun verkefnisins. Á vorönn 2021 stóð umhverfisnefnd skólans fyrir fyrstu umhverfisvikunni og var hún skipulög af umhverfiskennurum skólans og nemendum í umhverfisfræði. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði. Vorið 2021 hófst fyrsta gróðursetning í lundi skólans í Heiðmörk og haustið 2021 hóf göngu sína nýr áfangi í umhverfisfræði í tengslum við verkefnið Á Grænni grein. Markmið áfangans er að hvetja nemendur til þess að beita sér í umhverfismálum.



# HÚSNÆÐISMÁL

13



## Aðalsteinn

Rakaskemmdir á skrifstofu rektors



## Lóð

Framkvæmdir á bílastæði



## Skrifstofur

Skript um vegg og gólfefni á skrifstofum og í 2 kennslustofum



## Þök ókláruð

Enn á eftir að tengja niðurföll á svölum

Húsnæðismál voru áberandi árinu. Raki og mygla greindust á kaffistofu starfsfólks, á nokkrum skrifstofum á skrifstofugangi og tveimur kennslustofum á neðri hæð. Árið 2020-2021 var gert við galla í frárennsli af þökum á nýbyggingum og í kjölfarið hófust viðgerðir innanhúss. Gerð var athugun á húsakosti og ljóst að eldra húsnæði skólans þarf aukið viðhald á næstu árum.





# MAT Á SKÓLASTARFI

14

## INNRA MAT:

Ár hvert setur skólinn sér aðgerðaáætlun þar sem nánar er tilgreint hvaða markmiðum skuli stefnt að á skólaárinu og til hvaða aðgerða skuli grípa til að ná settum markmiðum. Markmið og aðgerðir byggja á innra mati fyrra skólaárs. Skólaárið 2020 til 2021 var unnið að eftirfarandi markmiðum:

1. Mótun skólabrags
2. Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS
3. Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun
4. Nám í MS
5. Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur

Í skólanum starfar sjálfsmatshópur sem er skipaður af verkefnisstjóra, fulltrúum kennara, nemenda og forráðafólks. Hópurinn setur fram sjálfsmatsstefnu og sjálfsmatsáætlun til þriggja ár. Kennslukannanir eru lagðar fyrir á hverri önn auk þess sem haldnir eru rýnifundir með nemendum. Starfsmannakönnun og mat á stjórnendum fara fram á hverju vori.

Hér má lesa [sjálfsmatsskýrslu MS skólaárið 2020-2021](#).

## YTRA MAT:

Ytra mat á skólastarfi fór fram haustið 2019. Skýrsla um ytra mat á skólastarfi í MS var gefin út í febrúar 2020. Matið kom í heildina vel út og strax vorið 2020 voru gerð drög að umbótaáætlun. Haustið 2020 var áfram unnið með umbótaáætlunina og að lokum var hópur kennara fenginn til þess að rýna áætlunina og setja fram sínar hugmyndir. Í febrúar 2021 var Umbótaáætlun vegna ytra mats á skólastarfi skilað til MRN. Unnið hefur verið eftir áætluninni og búið er að uppfylla flest sem þar kemur fram.



Þrátt fyrir óvenjulegt skólaár náði skólinn sínum helstu markmiðum í að bæta kennsluhætti, stuðla að skilvirkni og gera námið eins aðgengilegt og hægt var á tímum Covid 19. Nemendafélagið, foreldraráð og félagsmálafulltrúar stóðu vörð um félagslíf nemenda og starfsmannafélag skólans var iðíð við að halda hinar ýmsu fjarskemmtanir.

Námssamfélag starfsfólks og starfendarannsóknir héldu sínu striki með notkun fjarfundarbúnaðar og reyndust mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Mikil orka starfsmanna fór í að framkvæma vinnuna á annan hátt en vant er og gætti töluverðrar þreytu meðal kennara við lok skólaárs 2021 en samkomutakmarkanir voru enn við lýði út árið.

Reykjavík 2022

Helga Sigríður Þórsdóttir, rektor

